

Starfsmannasáttmáli Öxarfjarðarskóla

Starfsfólk leik-og grunnskóladeildar Öxarfjarðarskóla gerir með sér eftirfarandi sáttmála og vill leitast við að hafa eftirfarandi gildi í heiðri í öllum samskiptum sínum innan skólans:

Traust – Milli okkar ríkir traust og trúnaður til að hægt sé að vinna í sameiningu að því verkefni sem til er ætlast.

Virðing – Við hlustum og berum virðingu fyrir hvert öðru, bæði samstarfsfólki og nemendum; skoðunum, uppruna og menningu. Við svörum þegar á okkur er yrt, hjálpum hvert öðru og sýnum vinsemd og þakklæti. Við tökum ekki fram fyrir hendurnar á hvert öðru.

Ábyrgð – Við berum ábyrgð á orðum okkar og gjörðum og viðurkennum mistök og leiðréttum þau. Við kennum nemendum ábyrgð og berum sameiginlega ábyrgð á námi og velferð þeirra innan skólans. Vinnum sem heild og hlúum hvert að öðru.

Fagmennska – Við sinnum störfum okkar af heilindum með góðum undirbúningi og skipulagningu. Við miðlum þekkingu hvert til annars, ígrundum og leggjum mat á verkin okkar. Við fylgjumst vel með nýjungum og sinnum endurmenntun. Heilt yfir leggjum við okkur fram um að gera okkar allra besta.

Heiðarleiki – Við erum heiðarleg hvert við annað og beinum orðum okkar beint hvert að öðru og erum hreinskilin.

Jákvæðni – Leitumst við að horfa á björtu hliðarnar og tileinkum okkur jákvætt viðmót. Erum hvetjandi gagnvart hvert öðru sem og öllum þeim verkefnum sem á okkar herðar eru lögð. Finnum möguleika og lausnir í sameiningu.

Gleði – Mikilvægt er að finna gleði í störfum okkar og samstarfi enda smitar hún út til allra sem á vegi okkar verða.

Sáttmáli þessi verður tekinn árlega til endurskoðunar.

Arund Asgeirsdóttir

Rakel Anna Þoulker
Ólafur Völ

Comelia Grandin

Guðrún Lilja Guðis

Jennifer Pleace

Samþykkt á starfsmannafundi 4. febrúar 2026

Vigdís Sigvardsd. Silja Rún Stefánsd.

Lára Björk Sigurðard. Guðlaug Anna

Sigurfljóð Sveinbjörnsd. Sahar Pahlavanzaadeh

Ána Ósk Ambjörnsd. Hildur Ólafsdóttir

Þyrra Egilsdóttir